

Víratoka úr bringubeini

Vírar eftir hjartaaðgerð eru fjarlægðir úr bringubeini í skurðaðgerð vegna sýkingar eða óþæginda sem af þeim stafa. Aðgerðin er gerð í svæfingu.

Blóðþyningarlýf

Ef breyta eða stöðva þarf blóðþyningarmeðferð fyrir aðgerð er það gert í samráði við skurðlækni.

Náttúru- og fæðubótarefni

Ráðlagt er að hætta notkun allra náttúru- og fæðubótarefna tveimur vikum fyrir aðgerð þar sem þau geta aukið hættu á blæðingu í aðgerð og haft áhrif á verkun lyfja sem notuð eru við svæfingu. Óhætt er að taka áfram inn fjölvítamín og steinefni.

Tóbaksnotkun og rafrettur

Reykingar, nef- og munntóbaksnotkun og nikótín í rafrettum hafa áhrif á bata eftir skurðaðgerð og geta seinkað því að sár grói og aukið hættu á fylgikvillum aðgerðar. Því er mikilvægt að hætta tóbaksnotkun 6-8 vikum fyrir aðgerð og vera tóbakslaus í að lágmarki tvær vikur eftir aðgerð. Þeir sem nota tóbak eru hvattir til að hætta og geta leitað aðstoðar á heilsugæslustöðvum eða á www.heilsuvera.is (netspjall, símaráðgjöf og fræðsluefni).

Undirbúningur fyrir aðgerð

Símaviðtal vegna svæfingar

Svæfingahjúkrunarfræðingur hringir í sjúkling nokkrum dögum fyrir aðgerð til að fara yfir heilsufar með tilliti til svæfingar og veita tækifæri til spurninga. Ef eitthvað er óljóst eða nánari rannsóknna er þörf, er boðað í innskriftarviðtal á spítalanum fyrir aðgerðina.

Gott er að hafa lyfjalista við hendina, þar sem upplýsingar verða veittar í símtalinu um hvaða lyf má taka og hvaða lyf á ekki að taka fyrir aðgerðina, þar sem óæskilegt er að taka viss lyf fyrir svæfingu. Ef vandamál hafa komið upp í tengslum við fyrri svæfingar, til dæmis miklir verkir, ógleði, uppköst eða annað er mikilvægt að segja frá því.

Í símaviðtalinu verður spurt um:

- Fyrri reynslu af svæfingum
- Ofnæmi eða óþol fyrir lyfjum
- Hæð og þyngd
- Áfengisneyslu og reykingar
- Gervitennur og tannbrýr
- Heilsufar og sjúkdóma
- Lyfjanotkun, þar á meðal notkun náttúruylfja og fæðubótarefna

Kvöldið fyrir aðgerð

Fasta

Nauðsynlegt er að fasta fyrir aðgerð til að minnka hættu á fylgikvillum í tengslum við svæfingu. Löng fasta er þó ekki góð fyrir líkamann og fólki líður betur eftir aðgerð ef eftirfarandi leiðbeiningum er fylgt:

- Fá sér aukabita eða drykk áður en lagst er til svefns kvöldið fyrir aðgerð.
- Ekki má borða mat síðustu 6 klst. fyrir komu á spítalann.
- Óhætt er að drekka tæra drykki (1-2 glös í senn) þar til 2 klst. eru í komu á spítalann. Tær drykkur er t.d. vatn, tær ávaxtasafi og mjólkurlaust kaffi og te.
- Þegar á spítalann er komið veitir starfsfólk upplýsingar um hvort og hve lengi megi drekka fram að aðgerð.

Fylgd heim

Gera þarf ráð fyrir að fá fylgd heim, því ekki má aka bíl fyrr en daginn eftir svæfingu. Eins þarf að hafa einhvern hjá sér fyrstu nóttina eftir aðgerð til öryggis.

Annar undirbúningur

Við innlögn á deild er gott að hafa með sér þægileg föt og afþreyingarefni. Nota má farsíma en stilla þarf á hljóðlausa hringingu.

Aðgerðardagur

Sturta

Nauðsynlegt er að fara í sturtu áður en komið er á spítalann. Klæðast þarf hreinum fötum eftir sturtuna og ekki má nota svitalyktareyði, krem, andlitsfarða, ilmefni, naglalakk eða skartgrip.

Mæting er á dagdeild 13D á 3. hæð Landspítala á Hringbraut á umsömdum tíma að morgni aðgerðardags. Hafa þarf með öll lyf sem tekin eru daglega. Ekki má taka inn eigin lyf án samráðs við hjúkrunarfræðing eða lækni.

Ef fjarlægja þarf bringuhár á aðgerðarsvæði er það gert á deildinni.

Fyrir aðgerðina þarf að vera búíð að undirrita samþykki fyrir aðgerð og svæfingu. Óvæntar aðstæður geta valdið því að aðgerðartími breytist. Til að tryggja öryggi er endurtekið spurt um mikilvæg atriði svo sem nafn, kennitölu, ofnæmi, föstu og tegund aðgerðar. Þegar komið er á skurðstofu fer fram frekari undirbúningur fyrir aðgerðina.

Aðgerðin tekur um 30 mínútur. Skurðlæknir hefur samband við aðstandanda að aðgerð lokinni ef þess er óskað.

Eftir aðgerð

Eftir aðgerð fer sjúklingur á vöknunardeild og síðan aftur á dagdeild. Heimsóknir eru ekki leyfðar á vöknunardeild, en nánustu aðstandendum er velkomið að hringja.

Ef verkir eða ógleði koma fram er mikilvægt að láta vita svo hægt sé að bregðast við því. Eðlilegt er að finna fyrir þreytu og sljóleika fyrst um sinn. Eftir svæfingu getur orðið vart við hálsæringi sem hverfa að jafnaði á 1-2 dögum. Boðið er upp á léttu máltíð fyrir heimferð.

Þvaglát

Eftir aðgerðina getur komið fram tregða við þvaglát og því er mikilvægt að reyna að pissa fljótlega eftir komu á deild. Láta þarf vita ef ekki gengur að pissa eða lítið kemur af þvagi.

Útskrift

Útskrift er áætluð samdægurs en einstöku sinnum þarf innlögn yfir nótt.

Fyrir útskrift þarf að vera búð að fá:

- Útskriftarfræðsla
- Lyfseðil fyrir verkjalyfjum ef með þarf
- Endurkomutíma hjá lækni

Útskriftarfræðsla

Verkir

Einstaklingsbundið er hversu miklir verkir eru í skurðsári, en búast má við óþægindum í að minnsta kosti 7-10 daga eftir aðgerð. Ef verkir eru viðvarandi eða trufla öndun er æskilegt að taka verkjalyf reglulega yfir daginn, samkvæmt leiðbeiningum. Smám saman er síðan dregið úr töku lyfjanna með því að minnka skammta eða taka lyfin sjaldnar.

Skurðsár

- Skurðsári er oftast lokað með saumum sem eyðast af sjálfu sér og umbúðir settar yfir.
- Umbúðir eru hafðar á skurðsári í fjóra daga.
- Tveimur dögum eftir aðgerð má fara í sturtu og setja nýjar umbúðir yfir að henni lokinni.
- Ekki má fara í baðkar eða sund fyrr en skurðsár er vel gróið og að minnsta tvær vikur eru liðnar frá aðgerð.
- Skurðsár eru viðkvæm fyrir sterku sólarljósi í allt að ár eftir aðgerð.
- Forðast ber alla óþarfa snertingu við sárið og ráðlagt er að klæðast hreinum fötum næst skurðsárinu.

Matur og drykkur

Ekki er þörf á að breyta mataræði vegna aðgerðar.

Hreyfing

Hlífa þarf skurðsárinu meðan það er að gróa og forðast mikla áreynslu svo sem líkamsrækt í fjórar vikur eftir aðgerð.

Vinna

Byrja má að vinna um viku eftir aðgerð, en það fer eftir eðli starfs og líðan. Hægt er að fá veikindavottorð í endurkomutíma.

Kostnaður

Greiða þarf fyrir aðgerðina samkvæmt gjaldskrá Landspítala.

Hafa þarf samband við dagdeild 13D ef vart verður við eftirfarandi hættumerki fyrstu tvær vikurnar eftir aðgerð:

- Verkir minnka ekki við töku verkjalyfja
- Líkamshiti er hærri en 38°C
- Blæðing, roði, bólga eða gröftur sést í skurðsári

Í neyðartilvikum er leitað á bráðamóttöku

Símanúmer

Dagdeild skurðlækninga 13D	543 7480
Hjarta-, lungna- og augnskurðeild 12G (utan opnunartíma dagdeildar)	543 7310
Skiptiborð Landspítala (opið allan sólarhringinn)	543 1000

Sjúklingum og aðstandendum er velkomið að hringja á deildina ef spurningar vakna.